

Fundargerð

22. aðalfundar Kirkjugarðasambands Íslands var haldinn 3. júní 2016 í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju, Sólgötu 1, Ísafirði kl. 9.00.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2016 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. Kirkjugarðar á vestfjörðum.

Guðmundur Rafn Sigurðsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður.

8. Kirkjugarðar á norðurlöndum og Íslandi, gróður og skipulag.

Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri frá KGRP segir frá. Fyrirspurnir og umræður

Matarhlé frá 12:00 til 13:00

9. Rekstrarvandi kirkjugarða, Hvað hefur KGSÍ gert til að leysa vandann.

Þórsteinn Ragnarsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður.

10. Erindi heimamanns: Gamli kirkjugarðurinn á Ísafirði.

Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt fjallar um rannsóknir sínar.

11. Önnur mál.

Fundargestir:

Arnfinnur Einarsson	KGRP
Egill Heiðar Gíslason	KGRP
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
Jóhannes Pálmason	KGRP
Gísli Jónasson	KGRP

Kári Aðalsteinsson	KGRP
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Heimir Bj. Janusarson	KGRP
Kristján Linnet	KGRP
Helga Halldórsdóttir	KGRP
Elín Sigrún Jónsdóttir	Útfararstofa Kirkjugarðanna
Magnús Sævar Magnússon	Útfararstofa Kirkjugarðanna
Hermann Jónasson	Kirkjugarður Siglufjarðar
Hjalti Jóhannsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Póroddur Skaptason	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Magnús Gunnarsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Hermann Björn Erlingsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Halldór Kr. Pedersen	Kirkjugarðaráð
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórunn Íris Þórisdóttir	Kirkjugarður Keflavíkur
Þórður Kristjánsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Friðbjörn Björnsson	Kirkjugarður Keflavíkur
Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Björgvín Agnar Hreinsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Þjóðbjörn Hannesson	Kirkjugarður Akraness
Þorsteinn Eyþórsson	Kirkjugarður Borgarness
Margrét Þórhallsdóttir	Kirkjugarður Húsavíkur
Albert Eymundsson	Hafnarkirkjugarður
Örn Arnarsson	Hafnarkirkjugarður
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir	Formaður sóknarnefndar Ísafjarðarkirkju
Elvar Ingason	Kirkjuvörður Ísafjarðarkirkju
Ástvaldur Guðmundsson	Núpi, Dýrafirði
Magnús Erlingsson	prófastur í Vestfjarðarp.d.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á 22. aðalfund KGSÍ á Ísafirði. Á fundinum situr 33 fundarmaður og er það bara þökkaleg mæting miðað við hvítasunnuhelgi. Þórsteinn sagði að aðalfundurinn væri góður vettvangur til að endurspeglar skoðanir allra kirkjugarða hvar sem þeir eru á landinu.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Stungið var upp á Jóhannesi Pálmasyni sem fundarstjóra og Hermann Birni Erlingssyni sem fundarritara og voru þeir samþykktir í þau störf.

Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna og bað fundarmenn að kynna sig og hvaðan þeir kæmu.

Fundarstjóri sagði að fundurinn hefði verið boðaður á réttum tíma og væri löglegur.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.

Formaður stiklaði á stóru og fór yfir ársskýrslu 2016 sem afhent var á fundinum.

KGSÍ hefur í mörg horn að líta og mikill tími farið í fjármál, þar skiptast á skin og skúrir. Ef hrunið hefði ekki komið værum við ekki með umræðu um fjármál. Tekjur garðanna koma frá ríkinu og framlag þess er um 90 – 100 prósent hjá görðunum. Kirkjugarðar landsins fengu rúmlega milljarð frá ríkinu en þar vantar 453 milljónir ef farið væri með réttu eftir gjaldalíkaninu. Ráðamenn vita þetta og hafa vitað lengi en gera samt ekki neitt og í fimm ára fjármálaáætlun ríkisins er ekki gert ráð fyrir leiðréttingu á þessu að því best er vitað.

Þóknun til presta og forstöðumanna trúfélaga og lífsskoðunarfélaga fyrir þjónustu við útfarir hefur hækkað um 80% á rúmlega þremur árum, ekki hefur komið króna á móti frá ríkinu.

Blasir við að stjórnir kirkjugarða geti ekki greitt fyrir grafartöku, framlag ríkisins í grafarsjóð nægir ekki því meirihluti framlagsins fer í greiðslur til presta og þurfa kirkjugarðar í þéttbýli að greiða með hverri duftgröf því þóknun presta og akstur er meira en framlagið.

Áhugi fyrir sameiningu kirkjugarðastjórna er ekki mikill en ef þessum 250 kirkjugarða stjórnnum yrði fækkað í um 100 yrði það til mikilla hagsbóta.

Á undanförunum 20 árum hafa fjármál kirkjugarða verið rannsökuð í bak og fyrir. Vönduð samhljóma gögn hlaðast upp í innanríkisráðuneytinu sem sýna að kirkjugarðar hafa ekki verið meðhöndlaðir af sanngirni. Best heppnaða verkefni KGSÍ frá upphafi er vefurinn gardur.is sem tekinn var í notkun 2001. Nú þarf að endurforrita tölvukerfin á bak við gardur.is og koma þeim í nýrra og betra forritunarumhverfi. Samið var við Hugsmiðjuna um endurforritunina.

Bautasteinn kom út fyrir aðalfundinn og er prentaður í 1000 eintökum og dreift mjög víða.

KGSÍ hefur átt í samskiptum við erlend kirkjugarðasambönd og þau eiga ekki í vandræðum með tekjur og stjórnvöld sína þeim skilning.

Mikilvægt að við látum í okkur heyra og samþykkjum ályktun sem lögð verður fyrir fundinn.

Ragnhildur Benediksdóttir formaður kirkjugarðaráðs fulltrúi biskups í ráðinu sendi fundarmönnum kveðju og einnig Þórunn Ragnarsdóttir sem situr í varastjórn.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslu og frestaði umræðum um hana.

3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2016 lagðir fram til umræðu og samþykktar.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ fór yfir ársreikninga KGSÍ í fjarveru bókara KGSÍ. Hann benti á að mikill kostnaður færi í endurnýjun á vefsíðunni gardur.is. Hann fór fyrst yfir rekstraráætlun ársins 2017. Þórsteinn fór yfir alla helstu liði í ársreikningnum, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðstreymi. In Memoriam sem er ónotað félag var tekið inn í efnahag KGSÍ og ekki er lengur gerður sérstakur ársreikningur um félagið sem skráð er á 0 kr. Rekstrartekjur ársins námu kr. 6.473.200, rekstarargjöld voru kr. 5.102.074. Tekjur umfram gjöld námu kr. 1.371.126 en eftir fjármagnsliði er hagnaður ársins kr. 1.606.063. Handbært fé í árslok 11.410.865 og eigið fé kr. 10.713.393.

Fundarstjóri þakkaði Þórsteini fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og reikninga

Ólafur Valgeirsson Vopnafirði, þakkaði fyrir glögga skýrslu og reikninga, saknar að hafa ekki reikninga og skýrslu stjórnar fyrir fundinn, t.d. fá þær viku fyrir fund til að kynna sér málin. Pólitíkin er örlát á annarra manna fé og auðvelt fyrir þá að hækka laun prestanna. Ef þau verkefni, t.d. rekstur líkhúsa og athafnarýma, sem eru utan lögbundinna verkefna eru að sliga stóru garðana eiga þeir að hætta þessum rekstri. Sér ekkert að því að útfararstofur sjái um rekstur líkhúsa. Ólafur spyr hvort eignamyndun verði á móti kostnaði við endurnýjun á gardur.is? Eru notendur að greiða fyrir ítarefni á síðunni gardur.is? Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík, stjórn hefur oft rætt það að notendur greiddu fyrir skráningu ítarefnis á síðunni en lög um kirkjugarða heimila ekki slíka gjaldtöku og þarf fyrst að heimila slíkt til þess að unnt verði að afla aukinna tekna með gjaldtöku. Fram kom að því hefur verið hótad í fjármálaráðuneytinu að taki kirkjugarðar gjald fyrir notkun líkhúsa þá mun fjármálaráðuneytið lækka tekjur til okkar að sama skapi.

Þórsteinn Ragnarson ef það er vilji aðalfundar að senda skýrsluna á undan fundinum verðum við þeirri beiðni.

Hermann Björn Erlingsson Hafnarfirði, var farið í útboð eða verðkönnun áður en samið var við Hugsmiðjuna? Svar: Leitað var álits hjá ráðgjöfum í vefmálum og í framhaldi af því var leitað til Hugsmiðjunnar. Óskað var eftir þarfagreiningu og tilboði í verkið, þarfagreiningin kostaði tæplega 3 m.kr.

Eftir skoðun, kannanir á verkefnum og vinnu með Hugsmiðjunni var ákveðið að Hugsmiðjan væri góður samstarfsaðili og hefði lausnir til að endursmíða gardur.is

Sveinn Valdimarsson Keflavík, af hverju eru menn að reka líkhús ef það er ekki rekstrargrundvöllur. Svar, Jóhannes Pálmason sagði að rekstur líkhúsa eigi sér sögulega skýringu og vísaði í úrskurð umboðsmanns Alþingis í ágreiningsmáli um gjaldtöku KGRP frá 2006.

Þórunn Íris Ragnarsdóttir Keflavík sagði ef skoða á grunninn fyrir rekstri líkhúsa má skoða að einka-aðilar reki líkhús, í Keflavík rekur útfararþjónusta líkhús, Kirkjugarðar Keflavíkur munu ekki taka að sér rekstur líkhúss. Ef kirkjugarðar reka líkhús þarf sá rekstur að vera á jafnræðisgrunni ekki er rétt að útfararstofa rukki kostnað en kirkjugarðar ekki.

Hermann Jónasson Siglufirði sagði að KGRP verði að reka líkhús vegna bálstofu sem þeir reka í Fossvogi. Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík sagði að bálstofan þyrfti um 10 kælipláss en líkhúsið í Fossvogi væri með um 70 kælipláss og væri því hægt að hætta rekstri líkhússins þó að bálstofan yrði rekin áfram. Hann sagði að stjórn KGSÍ hafi lagt til við stjórnvöld um 2004 að KGSÍ tæki að sér rekstur líkhúsa á landinu en þau svöruðu því aldrei. KGRP hafa rekið líkhús í áratugaraðir og vissulega væri eðlilegast að samið væri við þann aðila um sérstaka greiðslu eða gefin heimild til gjaldtöku. Óvissan um hvað tæki við ef hætt verði þessum rekstri hefur valdið því að ekki hefur verið hætt við rekstur líkhúsa. Auðvitað geta einkaaðilar rekið líkhús en laga- og reglugerðarumhverfi vantar. Á Norðurlöndum er búið að prófa einkarekstur en vegna slæmrar reynslu hefur opinberum fyrirtækjum og stofnunum verið falin þessi þjónusta, s.s. sjúkrahúsum, bálstofum og kirkugörðum.

Ólafur Valgeirsson Vopnafirði segir engar reglur til um meðferð og geymslu líka og hver á að greiða kostnað vegna þeirra? Ef stjórnvöld taka ekki þátt í þessu ættu kirkjugarðar að láta á þetta reyna að fá þennan kostnað greiddan. Góður punktur að gæta jafnræðis í rekstri líkhúsa.

Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík, jafnræðisgrunnur er eðlilegur, ekki er rétt að útfararstofur rukki kostnað en kirkjugarðar ekki.

Magnús Sævar Magnússon Reykjavík, hvatti fundarstjóra til að halda sig við dagskrá, þessar umræður ættu ekki við skýrslur og reikninga.

Magnús Gunnarsson Hafnarfirði, hvað er í liðnum annar kostnaður. Svar, það er undir skýringar.

Fundarstjóri bar upp reikninga til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarsson gaf kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma kjörinn formaður.

5. Kosning annarra stjórnarmanna.

Fundarstjóri kynnti þá einstaklinga sem sátu í stjórn og varastjórn. Þórsteinn Ragnarsson formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Indriði Valdimarsson sem aðalmenn, Indriði gefur ekki kost á sér áfram í stjórn KGSÍ. Stjórn KGSÍ leggur til að Albert Eymundsson varamaður stjórnar verði aðalmaður

og Þórunn Ragnarsdóttir og Sveinn Valdimarsson verði kosnir varamenn. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, þ.e að kjósa Guðmund og Albert sem aðalmenn og Þórunni og Svein sem varamenn.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ

Skoðunarmenn voru kjörnir Þjóðbjörn Hannesson og Magnús Gunnarsson.

7. Kirkjugarðar á vestfjörðum. Guðmundur Rafn Sigurðsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður.

Guðmundur sagði frá bókunum, Friðaðar kirkjur í Vestfjarðarprófastsdæmi, sem væru að koma út í ritröðinni Kirkjur Íslands og hann byggir sitt erindi á þeim. Á vestfjörðum eru 28 friðaðar kirkjur og 50 kirkjugarðar og mikið mál að fylgjast með þeim öllum. Sérstaklega þarf að huga að aflögðum kirkjugörðum að þeim sé sómi sýndur með lágmarks umhirðu.

8. Kirkjugarðar á norðurlöndum og Íslandi, gróður og skipulag. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri frá KGRP segir frá. Fyrirspurnir og umræður

Kári hóf störf hjá KGRP í október 2017 og fór yfir sín fyrri störf.

Mikilvægt að skipuleggja hvað ættingjar eiga að sjá um við leiðin og hvað kirkjugarðarnir eiga að sjá um. Hér á landi er þetta nokkuð frjálst en á norðurlöndunum eru skýrari línur í umhirðu leiða. Þetta er mikilvægt til að auðvelda og gera vinnu við umhirðu markvissari og kostnaðarminni t.d. vegna mikillar handavinnu við slátt í stað vélavinnu. Hans mat er að skortur er á hönnun og sýn á kirkjugörðum sérstaklega vegna umhirðu garðanna. Mjög erfitt að eiga við gras á milli leiða sérstaklega í duftgörðum þar sem mikil handavinna er að klippa grasið á milli leiða. Í duftreit í Gufunesgarði var hekk, gras og stétt fjarlæggt og mól sett á milli leiða. Þetta er mun betri kostur vegna umhirðu.

Hanna þarf garðana eftir mismunandi þörfum og trúabrogðum fólks í fjölmeningarsamfélaginu.

Góður kostur að hafa ramma á leiðum sem auðveldar umhirðu en ekki gott þegar þeir eru farnir að þekja allt leiðið, betra að þetta þeki hluta af leiðinu. Vantar skýrari reglur um hvað fólk má gera við leiðin og stærð minningarmarka og ramma. Gamlir garðar verða skógargarðar þó þeir hafi ekki verið skipulagðir sem slíkir og sem dæmi um þróun garðanna þá gengur ekki ræktun sumarblóma í skógargörðum vegna sólarleysis. Þetta hafi komið mörgum á óvart.

8.b Kynning á Ísafjarðarkirkju, Magnús B. Erlingsson prófastur kynnti sögu Ísafjarðarkirkju og byggingu núverandi kirkju.

Fundarhlé var gert frá kl. 11:55 – 13:12.

9. Rekstrarvandi kirkjugarða, Hvað hefur KGSÍ gert til að leysa vandann? Þórsteinn Ragnarsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður.

Þórsteinn sagði að í Bautasteini sem gefinn hefur verið út í rúm 20 ár hafa verið skrifaðar greinar um rekstur kirkjugarðanna í næstum öll blöðin sem hefur verið dreift m.a. til ráðamanna svo þeir eiga að vita hver staða garðanna er.

Skýrsla um fjármál kirkjugarðanna kom út 2003, gjaldalíkanið sett á fót 2005 og svo kom hrúnið og eftir það var ekki staðið við samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs, skýrsla Capacent sem kom út 2011 fyrir KGSÍ staðfesti stöðu vanefnda stjórnvalda. Samskipti við embættismenn hafa gengið erfiðlega og skilningsleysis gætt.

Allir eru skýrsluhöfundar sem KGSÍ hefur fengið til að taka saman um rekstrarvandann sammála að það vantar að efna samkomulagið við ríkið. Skýrsla Haraldar L. Haraldssonar kom út 2013 og nýjasta skýrslan kom út í mars 2016 með starfsmönnum fjármálaráðuneytis og innanríkisráðuneytis innanborðs í vinnuhópnun og sú skýrsla staðfestir að enn er ekki staðið við samkomulagið.

Eftir fund með embættismönnum kirkjumálaráðuneytisins nýverið kom í ljós að ekki stæði til að efna eða bæta þennan mismun sem viðurkenndur er í skýrslunum.

Hvaða möguleikar eru í stöðunni? KGRP hefur dregið úr umhirðu garðanna til að draga úr rekstarkostnaði. Víða út á landi má sjá að kirkjugarðarnir geta varla greitt til verktaka grafarkostnað. Einn möguleiki er að fá almenning í lið með sér með því að benda á afleiðingar minnkandi framlags sem kemur fram í minni umhirðu garðanna. Árið 2016 vantaði KGRP rúmlega 60 milljónir til að standa undir rekstarkostnaði.

Fundarstjóri lagði fram tillögu að ályktun fyrir fundinn.

„Aðalfundur KGSÍ haldinn á Ísafirði 3. júní 2017 lýsir yfir stuðningi við skilaboð sem KGRP sendi íbúum höfuðborgarsvæðisins og birt var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu í gær og telur að þau hafi getað verið frá nánast hvaða kirkjugarði sem er á landinu.

Auk þess lýsir aðalfundurinn yfir áhyggjum sínum yfir því að margir kirkjugarðar geti ekki greitt verktökum sanngjarnt verð fyrir grafartöku vegna fjárskorts og ef áfram horfir sem hingað til þurfa aðstandendur innan tíðar að greiða verktökum og prestum hluta af endurgjaldi þeirra“.

Ólafur Valgeirsson Vopnafirði sagði að málið snúist að stærstum hluta um hvernig hægt sé að beita KGSÍ til þess að gera kirkjugörðum kleift að veita ólögbundna þjónustu vegna líkhúsa. Skoða þarf þetta vel og finna einhverja sameiginlega lausn spurning hvort þetta eigi jafnt við um alla garða landsins.

Magnús Gunnarsson Hafnarfirði sagði að sér hefði brugðið þegar hann sá auglýsingu KGRP og umhirðan væri það síðasta sem fella ætti niður. Taldi að meira mætti reyna til að ná eyrum stjórnvalda áður en

svona hótanir væru notaðar. Sagði að merkilegt væri hvað stjórnvöld væru að úthýsa kirkjunni út úr skólakerfinu og sýni ekki kirkjunni og stofnunum þeirra meiri skilning.

Magnús Erlingsson Ísafirði sagði að menn yrðu að gera sér grein fyrir að hverjum KGSÍ beindi aðgerðunum, finnst sérstakt að kirkjugarðarnir séu að greiða prestum laun fyrir útfararkostnað. Biskupsstofa sendi út bréf um skerðingu sóknargjalda og þetta er enn að aukast, taldi rétt að kynna þetta fyrir almenningi.

Jóhannes Pálmason Reykjavík, það er í lögum að kirkjugarðar greiði prestum laun við útfarir. Framundan er úrskurður Kjaradóms um laun presta og óvíst hver hækkun á launum þeirra verður.

Albert Eymundsson Höfn í Hornarfirði, tekur undir það sem áður var sagt. Sammála Magnúsi Gunnarssyni að almenningur væri hræddur við að taka upp umræðuna við stjórnvöld. Albert las upp tölvupóst sem hann sendi til ráðherra og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytis um vandamál kirkjugarðanna. Hann hefur ekki tillögu að lausn en þetta er tilraun til lausnar. Hann vonar að við náum einhverjum árangri.

Sveinn Valgeirsson Keflavík, kem frá Keflavík og á erfitt með að samsama mig við vandamál KGRP en rekstur kirkjugarðs Keflavíkur hefur gengið vel. Skoða þarf inn á við hvað er hægt að enduskoða í rekstrinum hjá KGRP. Það sem skekkir myndina er að KGRP er með 50 % af rekstri kirkjugarðanna. Sameining garða gengur illa og prófað var að sameina garðana á Suðurnesjum en ýmislegt kom í veg fyrir þá tilraun. Telur að við þurfum að stilla betur af okkar rekstur á kirkjugörðunum.

Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík sagði að einn aðalfundur KGSÍ hafi farið í „skoðun inná við“ og margt mætti betur gera í rekstri kirkjugarða en margt hefði einnig áunnist. Þegar að þrengdi og ekki fengjust meiri tekjur þyrfti vissulega að draga saman seglin, það væri hverjum manni ljóst. Hann sagði að KGRP væri með 32 fastráðna starfsmenn og mikinn fastakostnað, á árabílinu 2009-2017 hefur sumarstarfsmönnum verið fækkað úr 160 í 86 og meðalaldur véla væri um 10 ár og búið væri að hagræða mjög mikið í rekstrinum. Á sama tíma hafa nýir garðar verið teknir í notkun og garðarnir stækkað um tæpa 10 hektara.

Nýverið hafi stjórn KGSÍ nefnt við stjórnvöld að laga misgengi á framlagi ríkisins og reiknuðu framlagi gjaldalíkansins í áföngum en það ekki gengið. Ekki hafið verið krafa að taka þessi 40 % í einu heldur í áföngum. Búið er að reyna allar leiðir fram og til baka. Verðum að höfða til almennings og varpa ábyrgðinni á stjórnvöld að þau standi ekki við sínar skuldbindingar.

Kristján Linnet Reykjavík, þrátt fyrir að görðum hafi fjölgað í umsjá KGRP hefur fjöldi starfa ekki aukist áður fyrr voru um 180 sumarstarfsmenn en nú 86 og það er farið að sjá á umhirðu garðanna. Mikið álag er á starfsmönnum sem vinna hjá garðyrkjudeild KGRP.

Magnús Gunnarsson Hafnarfirði, leggur til að gerð verði atлага að stjórnvöldum í stað ályktunar.

Gísli Jónasson Reykjavík, menn gera sér ekki grein fyrir hvað við er að eiga og hefur setið í mörgum nefndum með ráðherrum vegna sóknargjaldanna og hann hefur átt fund með Sigríði Andersen dómsmálaráðherra og hún virðist ekki hafa áhuga að leysa málið. Hann sagðist skilja vel stöðuna sem formaður væri í. Ályktunin breytir í sjálfu sér engu en spurning er hvernig við náum til þeirra sem stjórna þessum málum.

Magnús Gunnarsson Hafnarfirði, vill ekki fara þá leið sem KGRP eru að fara og spurning um hvort ekki megi láta umræðuna um auglýsinguna lifa áður en við sendum frá okkur svona ályktun.

Hermann Björn Erlingsson Hafnarfirði, lagði til að ályktunin yrði geymd og áhrif auglýsingar KGRP fá að koma fram. Það er tvennt sem stjórnvöldum líkar ekki, dómstólar og almenningstengslafyrirtæki. Við verðum að auglýsa okkur betur og hefur lögfræðihlutinn í málinu verið kannaður, þ.e. hvort hægt væri að leita til dómstóla um vanefndir á samningum.

Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík, auglýsing KGPR hefur verið í undirbúningi og til umræðu innan framkvæmdastjórnar KGRP í nokkurn tíma. Hún væri ekki sett fram í neinum fljótheitum.

Hjalti Jóhannson Hafnarfirði, vildi áréttta að Kirkjugarður Hafnarfjarðar gengju ekki á sjóði til að styrkja rekstur garðsins.

Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík, dró ályktunina til baka.

10. Erindi heimamanns: Gamli kirkjugarðurinn á Ísafirði. Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt fjallar um rannsóknir sínar.

Erla fór yfir stöðu og staðsetningu Eyrarkirkjugarðs sem hefur mikið gildi fyrir bæinn og er stór hluti af eyrinni. Mikil þörf er á stefnu í umhirðu kirkjugarðsins og garðurinn er farinn að láta á sjá og þarfnast mikillar lagfæringar. Á Facebook er vinahópur garðsins og fólk í hópnum hefur hist og tekið til og lagfært í garðinu það sem betur má fara.

11. Önnur mál.

Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík, lagði fram í tillöguformi hugmynd að aðgerðaráætlun; að mynda bandalag inn á Alþingi Íslendinga með því að ná saman hópi KGSÍ fólks með aðgang að stjórnmalamönnum til að hittast og gera áætlun til að ræða við þá stjórnmalamenn sem þeir þekkja og kynna þeim stöðuna í viðræðum við ríkið um vanefndir kirkjugarðsamningsins svo þoka megi málinu áfram. Þórsteinn leggur til að eftirtaldir skipi hópinn: Magnús Gunnarsson, Albert Eymundsson, Egill Heiðar Gíslason, Sveinn Valdimarsson og Þórsteinn Ragnarsson. Tilnefndir samþykktu setu í hópnum. Samþykkt var einróma að mynda þennan hóp og getur hópurinn kallað til aðstoðar aðra aðila. Formaður mun kalla hópinn saman síðar í sumar eða haust.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund.

Þórsteinn Ragnarson formaður KGSÍ flutti lokaorð og þakkaði fundargestum fyrir góðan og málefnalegan fund og óskaði mönnum góðrar heimferðar og sleit fundi klukkan 15:03.

Fundargerð ritaði:

Hermann Björn Erlingsson

ritari stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.

Hér koma nokkrar myndir frá aðalfundinum og frá göngutúr undir góðri leiðsögn um gamla hluta Ísafjarðarbæjar eftir fundinn. Sjá enn fremur myndir á slóðinni: <https://www.gardur.is/kgssi.php>

